


Fjallabyggð



Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar

Tilgangur og markmið:

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla. Áherslan á jafnan rétt kvenna og karla skal vera sýnileg í allri starfsemi sveitarfélagsins. Til að það nái fram að ganga verða konum og körlum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu jafnt í opinberu lífi og einkalífi. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Fjallabyggð skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi sveitarfélagsins og vinna gegn mismunun.

Íbúar Fjallabyggðar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, uppruna, trúarbrögðum, kynhneigð, aldri, efnahag, fötlun, heilsufari eða annarrar stöðu.

Til að ná þessu markmiði skal Fjallabyggð, stofnanir hennar og aðrir sem í hlut sinn fá beina styrki til starfa frá bæjarfélaginu, gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að samþættingu kynjasjónarmiða í stefnumótun og ákvörðunum sínum.

Fjallabyggð skal vinna að jöfnum áhrifum og tækifærum íbúa á vettvangi bæjarfélagsins og vinna gegn mismunun.

Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar nær til stjórnslu bæjarins, starfsmanna hans og allrar starfsemi og þjónustu sem veitt er á vegum stofnana sveitarfélagsins.

Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar er ætlað að taka til ólíkra hlutverka sveitarfélagsins, þ.e. í fyrsta lagi sem stjórnvalds, í öðru lagi sem atvinnurekanda og þriðja lagi sem veitanda þjónustu.

Jafnlaunamarkmið sveitarfélagsins eru tilgreind í **Verklagsreglu um Jafnlaunamarkmið**.

Skipan jafnréttismála Fjallabyggðar:

Samkvæmt 12. gr. jafnréttislaga skal Fjallabyggð að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefnd sem fjallar um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd Fjallabyggðar fer með hlutverk jafnréttisnefndar hjá Fjallabyggð. Félagsmálanefnd Fjallabyggðar skal fjalla um jafnrétti innan Fjallabyggðar, vera ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í málefnum er varða jafnrétti og fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að stuðla að jöfnum tækifærum.

Stjórnkerfi Fjallabyggðar:

Skipan í ráð og nefndir:

Við skipan í ráð og nefndir á vegum Fjallabyggðar skal ávallt hafa að leiðarljósi að kynjahlutföll séu sem jöfnust. M.t.t þess skulu tilnefningaraðilar tilnefna bæði karla og konur við skipan í nefndir, ráð og stjórnir innan sveitarfélagsins og gæta þess að hlutfallsleg skipting milli kynjanna verði sem jöfnust, ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Við tilnefningar skal leitast við að veita innflytjendum og öðrum hópum sem hallar á í samfélaginu tækifæri til þátttöku í nefndum og ráðum. Stjórnsýsla sveitarfélagsins á að vera fordæmisgefandi fyrir aðra aðila í bæjarfélaginu.

Leiðir að markmiði: Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til viðeigandi aðila. Skoða skal kynjahlutfall formanna nefnda sérstaklega. Ábyrgð: Félagsmálanefnd og bæjarstjórn.

Kynjasambætting:

Við stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins, stofnana þess og sviða skal hugað sérstaklega að misjöfnum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á kynin. Hið sama gildir um ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar og stofnana eftir því sem við getur átt.

Leiðir að markmiði: Í skilningi jafnréttislaga felst í kynjasambættingu að stefnumótunarferli er metið, skipulagt, bætt og þróað þannig að sjónarhorn beggja kynja sé fléttað inn í ákvarðanir þeirra sem taka þátt í stefnumótun í samfélaginu. Með það að leiðarljósi verður sambætting kynjajafnréttis að eðlilegum þætti í starfsemi og ákvörðunum sviða og stofnana sveitarfélagsins. Í undirbúningi að ákvarðanatöku og við úthlutun fjármagns, t.d. í fjárhagsáætlunargerð, þarf að taka mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Þegar verið er að undirbúa ákvarðanatöku sem hefur sérstök áhrif á ákveðna aldurshópa skal taka mið af þörfum og viðhorfum fólks á mismunandi aldri og er eftir föngum haft samráð við fulltrúa viðkomandi hópa.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjórn og sviðsstjórar

Fjallabyggð sem atvinnurekandi:

Fjallabyggð vinnur að jafnrétti kvenna og karla á vinnustöðum og sér til þess að innan þeirra endurspeglist margbreytileiki samfélagsins. Fjallabyggð vill sem atvinnurekandi vera til fyrirmyndar á þessu sviði og mun í því augnamiði nýta þau tæki sem felast í starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

Launajafnrétti:

Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðum skulu ekki fela í sér kynjamismun. Fjallabyggð vill sem atvinnurekandi tryggja starfsmönnum sínum af erlendum uppruna jafnræði og jafnrétti á við aðra starfsmenn sveitarfélagsins. Þess skal gætt að við ráðningar og ákvarðanir um kjör starfsmanna sveitarfélagsins ráði ekki ómálefnalegar aðstæður. Á vinnustöðum sveitarfélagsins sé unnið gegn fordómum gagnvart starfsfólki vegna uppruna, litarháttar, þjóðernis eða menningarlegs bakgrunns. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er boðið upp á fræðslu um fordóma þegar þess er þörf.

Öllum starfsmönnum Fjallabyggðar skal standa til boða símenntun og starfsþróun, eins og kemur fram í starfsmannastefnu Fjallabyggðar

Leiðir að markmiði: Bendi niðurstöður launakönnunar (sem framkvæmd skal að lágmarki 1x á kjörtímabilinu) til þess að munur sé á launum kvenna og karla hjá Fjallabyggð skal skoða ástæður þess sérstaklega og starfsumhverfi sveitarfélagsins sérstaklega endurskoðað ef þess er talin þörf, til að tryggja fullt launajafnrétti og sömu kjör starfsmanna. Einnig skal skoða fjölda erlendra starfsmanna.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjóri, sviðsstjórar. Könnunina skulu gera launafulltrúi, starfsmenn félagsmáladeildar og deildarstjóri stjórnsýslu- og fjármáladeildar.

Ráðningar:

Vinna skal markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, stuðla að því að störf hjá sveitarfélaginu flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf auk þess sem leggja skal áherslu á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum. Við ráðningar er óheimilt að mismuna á grundvelli kyns, uppruna, trúarbragða, kynhneigðar, aldurs, efnahags, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Leiðir að markmiði: Í öllum auglýsingum á vegum stofnana sveitarfélagsins skal gæta jafnréttis og jafnrar virðingar kynjanna. Atvinnuauklýsingar skulu að jafnaði vera kynhlutlausar, en sé um að ræða störf þar sem hallar á annað kynið skal vekja athygli á því markmiði jafnréttisstefnunnar að jafna kynjaskiptingu innan

starfsgreinar sbr. 26. gr. jafnréttislaga. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Fjallabyggð. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu. Við ráðningar er óheimilt að mismuna á grundvelli hjúskapar eða fjölskyldustöðu, þungunar eða hugsanlegra barneigna, eða annarra þátta þar sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif.

Ábyrgð: Félagsmálanefnd, bæjarstjórn, bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn og deildarstjórar.

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs:

Fjallabyggð leggur metnað sinn í að vera fjölskylduvænn vinnustaður og skal leitast við að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Draga skal úr því að hafa fundi á þeim tímum sem sinna þarf málefnum fjölskyldunnar, á kvöldin eða um helgar. Mikilvægt er að bæði konur og karlar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldrafæðingarorlof.

Leiðir að markmiði: Fjallabyggð mun leitast við í samráði við hvern einstakan starfsmann í starfsþróunarviðtölum að ábyrgð gagnvart vinnuveitanda fari saman við fjölskylduábyrgð starfsmanns. Þar sem því verður komið við skal starfsfólk eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma eða annarri hagræðingu vinnutíma.

Ábyrgð: Bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn og deildarstjórar.

Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni:

Fjallabyggð einsetur sér að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt. Kynferðisleg áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Fjallabyggðar. Vísað er til 2. gr. jafnréttislaga um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni.

Leiðir að markmiði: Aðgerðaráætlun gegn einelti og kynferðislegri áreitni sem gerð er af eineltisteymi Fjallabyggð. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi, í samráði við forstöðumann eða eftir atvikum aðra yfirmenn stjórnarsýslunnar, tafarlaust að binda endi á hana. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðað fyrirvaralausan brottrekstur geranda úr starfi.

Einelti er ekki liðið á vinnustöðum Fjallabyggðar. Í Fjallabyggð er eineltisteymi sem hægt er að leita til.

Ábyrgð: Bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn, deildarstjórar og eineltisteymi

Fjallabyggð sem þjónustuaðili

Þjónusta við íbúa:

Fjallabyggð starfrækir fjölbreytta þjónustu fyrir bæjarbúa. Þjónusta sveitarfélagsins gengir lykilhlutverki fyrir vellíðan íbúanna. Allar stofnanir sveitarfélagsins eiga að vinna markvisst og skipulega að því að móta þjónustu, þróa þjónustu og upplýsingagjöf í þágu margbreytilegs sveitarfélags. Flétta skal jafnréttisjónarmið saman við alla þjónustu Fjallabyggðar og á þjónustan að einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu kynjanna. Í allri þjónustu sé tekið tillit til þess að þarfir fólks fyrir þjónustu eru mismunandi eftir aldursskeiðum

Leiðir að markmiði: Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal taka mið af þörfum beggja kynja og áhrifum hennar á konur og karla. Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð Fjallabyggðar og stofnana hennar hafi jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með íbúum Fjallabyggðar. Stuðla ber að því að viðhorf til allra aldurshópa sem njóta þjónustu sveitarfélagsins sé jákvætt og uppbyggilegt. Tryggja skal börnum vernd fyrir hvers konar ofbeldi, vanrækslu og misnotkun.

Fatlaðir eigi jafnan aðgang að þjónustu og ófatlaðir. Þess á að gæta þegar þjónusta er skipulögð, að hún taki mið af þörfum ólíkra hópa fatlaðra af báðum kynjum. Opinberar byggingar þurfa að vera aðgengilegar fyrir alla, óháð fötlun, sbr. lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Tryggja þarf fötluðum aðgengi að upplýsingum um réttindi sín.

Ábyrgð: Bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn og allir starfsmenn sveitarfélagsins.

Skólakerfið, tómstundir og íþróttastarf:

Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23. gr. í jafnréttislögum. Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum og ungmennum eftir kyni þegar kemur að menntun, íþrótt- og frístundastarfi.

Leiðir að markmiði: Í leik- og grunnskólum Fjallabyggðar skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins. Allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla taki mið af því að þátttakendur geti verið samkynhneigðir, tvíkynhneigðir, gagnkynhneigðir, fatlaðir eða af erlendum uppruna. Allir starfsmenn Fjallabyggðar beri ábyrgð á að skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma.

Í uppeldis- og tómstundastarfi, menntun og fræðslu á vegum sveitarfélagsins skal tillit tekið til ólíkra siða er tengjast mismunandi trúarbrögðum. Þjónusta

sveitarfélagsins skal einkennast af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð stjórn mála- eða trúarskoðunum fólks. Unnið skal að því að útrýma fordómum sem grundvallast á trúar- eða stjórn mála skoðunum.

Leiðir að markmiði: Tryggt sé að innflytjendur og fólk af erlendum uppruna eigi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins. Sérstaklega sé tekið mið af þörfum innflytjenda þegar þjónusta á vegum sveitarfélagsins er skipulögð. Veitt sé túlkabjónusta í viðtölum, t.d. hjá ráðgjöfum og í foreldrasamtölum, ef hægt er að koma því við og þess þykir þörf á.

Ábyrgð: Bæjarstjóri, sviðsstjórar, forstöðumenn og allt starfsfólk sveitarfélagsins.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í íþrótt- og tómstundastarfi. Allir skulu hafa jöfn tækifæri til þátttöku í tómstunda- og íþróttastarfi hjá þeim félögum sem hafa fasta styrktarsamninga við Fjallabyggð.

Leiðir að markmiðum: Sett verður í samninga við félög sem hljóta styrki frá sveitarfélaginu ákvæði um að verði félögin uppvís að mismun eða að þau geri kynjum mishátt undir höfði hafi það áhrif á greiðslur til viðkomandi félaga

Ábyrgð: Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála og bæjarstjóri.

Jafnréttisáætlun skal vera aðgengileg hjá öllum stofnunum sveitarfélagsins.

Jafnréttisáætlun skal endurskoða í upphafi hvers kjörtímabils.

Samþykkt á 664 fundi bæjarráðs Fjallabyggðar, þann 18. ágúst 2020